




Guðrún Dóra Petersen

Fædd 26. desember 1949
Dáin 6. nóvember 2013



Útför frá Neskirkju
fimmtudaginn 14. nóvember 2013

Leikin verður tónlist á undan athöfninni.

Forspil

Slá þú hjartans hörpustrengi

J. S. Bach

Bæn

Ég trúi á ljós sem lýsi mér
á líf og kærleika,
á sigur þess sem sannast er
og sættir mannanna.

Á afl sem stendur ætíð vörð
um allt sem fagurt er.
Á Guð á himni, Guð á jörð
og Guð í sjálfum mér.

Ólafur Gaukur - Erlent lag

Ritningarlestur

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

David Stefánsson - Atli Heimir Sveinsson

Ritningarlestur

Einsöngur og kór

Hvert örstutt spor

Ljóð: Halldór Laxness - Lag: Jón Nordal

Guðspjall

Heyr mína bæn
mildasti blær.
Berðu kveðju mína yfir höf,
syngdu honum saknaðarljóð.

Vanga hans blítt
vermi þú sól,
vörum mjúkum kysstu hans brá,
ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar
ykkar fegursta ljóðaval,
flytjið honum í indælum óði
ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn
bára við strönd,
blítt þú vagga honum við barm,
þar til svefninn sigur á brá.

Draumheimi í
dveljum við þá,
daga langa, saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrá.

Ólafur Gaukur - Nisa

Minningarorð

Einsöngur og kór

Kveðja

Ljóð og lag: Bubbi Morthens

Bænir og Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virzt mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom / Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Krossing 1820

Moldun

Almennur söngur:

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson -
Antwerpen 1540 / Breytt 1840

Blessun

Eftirspil

In My Life

Lennon / McCartney

Prestur: Séra Örn Bárður Jónsson
Organisti: Steingrímur Þórhallsson
Einsöngur: Hallveig Rúnarsdóttir
Kór: Kammerkór Neskirkju
Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

Að lokinni bálför verður jarðsett
í Fossvogskirkjugarði.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.
Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið
að þiggja veitingar í safnaðarheimili Neskirkju.

Minningarorðin verða birt á vefsíðunni:
www.ornbardur.com